

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík



13. júní 2017
UST201705-192/P.B.S.
10.05.00

Porsk- og silungseldi Hábrúnar ehf., allt að 1000 tonn á ári, í Skutulsfirði, Ísafjarðardjúpi, ósk um frekari upplýsingar

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

Fyrirhugað er umtalsverð stækkan á þorsk- og silungseldi Hábrúnar í sjókvíum í Skutulsfirði, Ísafjarðardjúpi úr núverandi 200 tonna ársframleiðslu í 1000 tonna ársframleiðslu.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun biður um frekari upplýsingar varðandi: spár um hugsanlega dreifingu næringarefna, hugsanlega áhrif á vistkerfi svæðisins í kjölfar breytingar á botndýralífi, heildarmagn fiskeldis í firðinum í dag miðað við það burðarþol sem Hafrannsóknarstofnun hefur gefið út, áætlanir um vöktun og rannsóknir til að sannreyna að lífrænt álag sé með þeim hætti að áhrifin verði tímabundin og afturkræf, að lokum biður Umhverfisstofnun um frekari upplýsingar varðandi hljóð og lyktarmengun vegna fyrirhugaðrar stækkunar.

Pórdís Björt Sigþórssdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri